

Fundargerð

Bogfimisamband Íslands BFSÍ

Dagsetning: **18.12.2023**

Fundinn sátu: **Guðmundur Örn Guðjónsson, Astrid Daxböck, Albert Ólafsson, Oliver Ormar Ingvarsson og Haraldur Gústafsson. Valgerði Einarsdóttir Hjaltested var boðið til fundarins með málfrelsi og tillögurétt sem starfsmanni BFSÍ.**

Fundargerð ritaði: **Valgerður E. Hjaltested**

Fundur settur kl. **21:09**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

1. Samþykkt fundargerða fyrri stjórnarfunda

1.1. Stjórnarfundur 13.04.2023, fundargerð fylgir fundarboði.

1.1.1. **Fundargerð samþykkt**

1.1.2. Starfsmönnum falið að birta fundargerð á vefsíðu sambandsins

2. Staða/framkvæmd verkefna af fyrri fundum.

2.1. Breytingar á reglugerðum BFSÍ sem samþykktar voru á síðasta fundi og birting á vefsíðu BFSÍ – Lokið

2.2. Staða verkefna sem var ólokið á síðasta stjórnarfundi eftir Bogfimiþing er hægt að finna undir önnur mál.

3. Samþykkt á milli stjórnarfunda

3.1. Greingerð íþróttastjóra „ Sjálfsmat BFSÍ tengt flokkun sérsambanda í afreksflokka í Afrekssjóði ÍSÍ“ – Samþykkt í tölvupósti 26.08.2023

3.2. 6 mánaða stöðuskýrsla afreksstarfs – Samþykkt í tölvupósti 18.07.2023

3.3. Drög að umsókn BFSÍ í Afrekssjóð ÍSÍ 2024 samþykkt og Íþróttastjóra gefin heimild til þess að gera breytingar og ljúka umsókn í Afrekssjóð ÍSÍ eftir leiðbeiningum og tilmælum starfsmanna ÍSÍ – Samþykkt í tölvupósti 04.12.2023

4. Tillaga um samþykkt allra tillaga í fundarboði án breytinga:

(stjórn óskaði eftir því að þessum lið yrði bætt við á stjórnarfundum á stjórnarfundi 22.12.2021)

Tilgangur þessarar tillögu er að ef að sátt er þegar til staðar um öll atriði og forsendur þeirra, í ítarlegu fundarboði sem formaður sendir út, að mögulegt sé að samþykkja allar tillögur í fundarboði einu bretti og ljúka fundi fyrr. Ef tillagan er samþykkt einróma þá telst allt neðangreint samþykkt í samræmi við fundarboðið og er þá farið beint í liðinn „Önnur mál“. Ef tillagan er ekki samþykkt einróma verður farið yfir hverja tillögu í fundarboði fyrir sig, lið fyrir lið.

4.1. **Formaður fer í stuttu máli yfir allar tillögur í fundarboði.**

4.2. **Opnað fyrir umræður um tillögu: Enginn kveður sér máls.**

4.3. **Tillaga samþykkt einróma**

5. Afreksstarf 2024:

Það eru gífurlega miklar breytingar í gangi tengt afreksstarfi í íþróttahreyfingunni. Reglugerð um

Afrekssjóð ÍSÍ (ASJ) var breytt og nýtt styrktar kerfi hefur verið sett upp með „afrekskvarða“ sem er einnig nýtt fyrirbæri. Þetta er mikil framför í starfsemi ASJ, en með þessu koma einnig margar breytingar sem valda ákveðinni óvissu í fyrstu stigum þess að virkja þessar stóru breytingar. Talið er líklegt að BFSÍ muni hafa aðgang að meiri styrkjum úr ASJ, en það er óþekkt að svo stöddu þar sem að allt er nýtt og engin reynsla komin af neinu.

En til þess að stjórnin sé upplýst um núverandi stöðu leggur íþróttastjóri fyrir gróf drög um áætlaða þátttakendur í landsliðsverkefnum árið 2024 (fylgir fundarboði). Þegar að úthlutun ASJ til BFSÍ hefur verið ákvörðuð þá mun hann uppfæra fjárhagsliði áætlunar íþróttastjóra í samræmi við úthlutun og fjárhagsáætlanir.

Til upplýsinga þá er Íþróttastjóri er einnig búinn að uppfæra viðmið sín fyrir val í landsliðsverkefni á vefsíðu sambandsins. En viðmiðin hafa í raun ekki breyst neitt á milli ára, þó að einhver vinna hafi farið í að uppfæra orðalag, bæta upplýsingar á síðunum og langtíma áætlanir. World Archery hefur gefið góða endurgjöf á valferli BFSÍ sem þeir kalla „Mixed system“ og WA hefur notað valferli BFSÍ sem dæmi/sniðmát um kerfi sem er vel sett upp í fræðslu og menntun sinni fyrir landssambönd.

5.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

6. Tillaga um breytingu á reglugerð um Íslensk mót:

Breytingartillagan (fylgir fundarboði) er að mestu að félagsliðakeppni á Íslandi verði kynlaus í stað þess að vera kynjuð. Þannig að í stað þess að vera með kvenna liðakeppni, karla liðakeppni og blandaða liðakeppni þá er bara „liðakeppni“. Þessi breyting leysir nokkur vandamál:

1. Minni aðildarfélög BFSÍ eiga oft erfitt með að skipa liðum á t.d. Íslandsmeistaramótum í hverri keppnisgrein, kyni og aldursflokkum og þessi breyting mun auðvelda þeim til muna að skipa liðum þar sem lið myndi standa saman af þrem persónum í stað þriggja af hvoru kyni eins og í reglum WA (í tilfellum 50+ og U-flokka væri liðakeppni 2 persónur eins og áður)

2. Þessi breyting leysir einnig þátttöku möguleika kynsegin/annað fólks í félagsliðakeppni. Þar sem að þeir geta ekki keppt með karla eða kvenna liðum, og ekki heldur í blandaðri liðakeppni (mixed team 1kk+1kvk). En þeir gætu tekið þátt í kynlausri félagsliðakeppni. Þessi breyting ætti að vera síðasti liður í því að gera alla íþróttina aðgengilega fyrir allt hinsegin fólk.

3. Íslandsmeistaramót eru orðin mjög löng og þessi breyting hefði jákvæð áhrif á lengd þeirra þar sem að í stað þess að vera með 3 liðakeppni í hverri grein (karla, kvenna og mixed) þá er bara ein liðakeppni sem styttr og einfaldar mótin.

4. Þessi breyting svipar einni til þess fyrirkomulags sem er þegar á NM ungmenna.

5. Þetta gefur einnig jákvæðari ásýnd á íþróttina, þar sem að mun fleiri lið væru þá skráð til keppni, auðveldar skilning fólks utan íþróttarinnar á íþróttinni og gerir vinnu við að halda utan um söguleg gögn og Íslandsmet auðveldari.

Aðrar breytingar í reglugerðinni eru m.a. að „Opinn flokkur“ sé kallaður „Meistaraflokkur“ þar sem að það er orðalag sem er samkvæmara orðalagi sem er notað t.d. innan íþróttahéraða og bæjarfélaga.

Nokkrar aðrar breytingar eru á reglugerðinni en þær eru smávægilegar og almennt ekki efnisstæðar. Að mestu bara tiltekt í orðalagi, tilfærsla greina og slíkt.

Mælt er með að þessar breytingar (ef samþykktar af stjórn) taki gildi um áramótin 2023/2024, til að gefa starfsfólki BFSÍ tíma til að gera breytingar sem þarf á t.d. lanseo regluverki, mótakerfi og öðru.

6.1. Samþykkt einróma í samræmi við lið 4

6.2. Starfsmönnum falið að birta fundargerðina á vefsíðunni

- 7. Önnur mál. (önnur mál sem kynnt eru í fundarboði, almennt ekki mál sem taka þarf ákvarðanir um, mest umræður/kynningar/upplýsingar og staða mála og ýmissa verkefna)**
- 7.1. Staða verkefna eftir Bogfimiþing sem voru í vinnslu eða ólokið þegar síðasti stjórnarfundur var haldinn.
- 7.1.1.Senda tilkynningar form um breytingu á stjórn BFSÍ undirritað af öllum stjórnarmönnum og varamönnum til RSK (lokið)
 - 7.1.2.Senda breytt lög BFSÍ undirrituð af öllum stjórnarmönnum og varamönnum til RSK (lokið)
 - 7.1.3.Senda breytingar á stjórn BFSÍ til ÍSÍ og breyta stjórn í Felix - (lokið)
 - 7.1.4.Senda uppfærð lög til ÍSÍ og fá staðfestingu framkvæmdarstjórnar ÍSÍ á þeim – (Breytt lög BFSÍ staðfest af ÍSÍ án athugasemda – lokið)
 - 7.1.5.Senda skýrslu stjórnar (afrekshluta skilagrein) á Afrekssjóð ÍSÍ og ljúka uppgjöri tengt árinu 2022 við ASJ – (lokið)
- 7.2. Gjaldkeri fer yfir fjárhagsstöðu sambandsins.
- 7.3. Starfsmaður BFSÍ fjallar stutt um sína þátttöku í 6 vikur sem lærlingur hjá World Archery.
- 7.4. Starfsmaður BFSÍ fjallar stutt um stöðu nýrra aðildarfélaga og útbreiðsluverkefna
- 7.5. Íþróttastjóri fjallar stutt um alþjóðlegt þjálfara námskeið WACL2
- 7.6. Formaður BFSÍ fjallar stutt um heimsping World Archery
- 7.7. Íþróttastjóri fjallar stutt um stöðu afreksstarfs
- 7.8. Íþróttastjóri BFSÍ fjallar stutt um Bogfimifólk ársins (BFSÍ) og íþróttafólk ársins (ÍSÍ)
- 7.9. Almenn umræða um næstu og núverandi verkefni stjórnar.

Fundi slitið kl. **22:31**